



Hug- og félagsvísindadeild

Kennaraskor – framhaldsbraut

Sköpunarhæfni barna í textílmennt

Anna Birna Einarsdóttir

Húsavík
Maí 2009

Hug- og félagsvísindadeild

Kennaraskor – framhaldsbraut

Sköpunarhæfni barna í textílmennt

Anna Birna Einarsdóttir

Meistaraprófsritgerð lögð fram sem hluti af námi til M.Ed.- gráðu í menntunarfræðum
með áherslu á stjórnun

Húsavík
Maí 2009

Útdráttur

Í þessari ritgerð er fjallað um rannsókn þar sem leitast var við að skilgreina, skilja og skoða hugtakið sköpunarhæfni út frá ýmsum sjónarhornum. Markmið rannsóknarinnar var komast að því hvernig hægt væri að efla sköpunarhæfni barna í 2. og 3. bekk í textílmennt. Meginrannsóknarspurningin var: Er hægt að efla sköpunarhæfni nemenda á yngsta stigi grunnskóla í textílmennt? Og ef svo er hvernig? Fræðileg undirstaða rannsóknarinnar er byggð á skilgreiningum fræðimanna frá ýmsum löndum á hugtakinu sköpunarhæfni. Því næst er fjallað um rannsóknir og kenningar um sköpunarhæfni, hvað sköpunarhæfni sé, hvernig hún sé til komin, hvað hafi áhrif á hana og hvernig hún verði efld. Enn fremur er gerð grein fyrir kennsluáferðum sem miða að því að efla sköpunarhæfni. Rannsóknin sjálf var gerð í 2. og 3. bekk í textílmennt þar sem rannsakandi kenndi í sjö vikur eftir kennsluáætlun sem unnin var upp úr *Aðalnámskrá grunnskóla* (1999) og miðaði að því að efla sköpunarhæfni nemendanna. Kennsluáætlunin lá til grundvallar í rannsókninni sem gekk út á að leiðbeina nemendum og greina samtímis og meta hvaða áhrif umhverfið hefði, hvernig ætti að skipuleggja kennslu í textílmennt, hvaða hlutverki kennarinn gegndi og hvort hægt væri að meta sköpunarhæfni nemenda. Til að leita svara við spurningunum var stuðst við aðferðir tilviksrannsókna (e. *case study*) þar sem gögnum var safnað með dagbókarskrifum, áhorfsathugunum, umræðum og óformlegum og formlegum samtölum við nemendur og kennara textílmenntar. Að auki hafði rannsóknin ýmis einkenni sjálfsrannsókna (e. *self study*) þar sem rannsakandinn leitaðist við að rannsaka sjálfan sig til og þær leiðir sem hann fór til aukins sjálfsþroska og faglegs þroska. Meginniðurstaða rannsóknar sýndi að umhverfið, hefðir, venjur og áherslur í kennsluháttum geta haft mikil áhrif á sköpunarhæfni barna. Með því að leggja áherslu á að nemendur vinni á markvissan hátt með eigin hugmyndir, þrói þær, rannsaki, geri tilraunir og dragi niðurstöður af tilraunum sínum samfara því að læra aðferðir til að útfæra hugmyndirnar með má að öllum líkindum efla sköpunarhæfni barna.

Abstract

This essay describes a research in which the objective was to define, understand and examine the concept of creativity from different perspectives. The research objective was to discover ways to enhance creativity of children in 2nd and 3rd grade of textile art. The basic research question was: Can the creativity of children in 2nd and 3rd grade of textile art be enhanced? And if so, then how? The theoretical premise for the research is based on definitions of the concept of creativity by scholars from various countries. Next, research and theories on the subject were studied; what is creativity, what is its source, what affects it and how can it be enhanced. Teaching methods designed to enhance creativity were reviewed. The actual research was conducted in 2nd and 3rd grade of textile art, where the researcher taught for seven weeks, following a teaching plan based on the *General curriculum for primary schools* (1999), which was developed to enhance the student's creativity. The teaching plan was used as a platform for the research, in which the researcher set out to instruct the students while at the same time analyzing and evaluating environmental influence, how textile art teaching should be organized, the role of the teacher and whether student's creativity can be measured. In seeking answers to those questions, the method of case studies was applied, collecting data through note taking, observation and discussions as well as formal and informal conversations with students and teachers of textile art. The research also had some attributes of self study, as the researcher strived to examine herself in order to increase her own personal and professional development. The main research conclusion was that environment, tradition, conventions and emphases in educational policy can greatly influence children's creativity. Emphasizing that students work with their own ideas in a systematic way, develop, examine and experiment with their ideas and draw conclusions from these experiments, while simultaneously learning methods to work with their ideas, will most likely enhance children's creativity.

Formáli

Ritgerðin er lögð fram til fullnustu M.Ed - gráðu við Háskólann á Akureyri árið 2009 og er 20. eininga. Rannsóknin var unnin haustið 2007 í Borgarhólsskóla á Húsavík.

Leiðbeinandi í upphafi var Rósa Kristín Júlíusdóttir, þegar hún fór í námsleyfi tók Rúnar Sigþórsson við leiðsögninni. Rósu Kristínu og Rúnari færi ég mínar bestu þakkir fyrir ómetanlega leiðsögn.